

LÍFSKJARASAMNINGURINN

2019-2022

Aðilar kjarasamningsins

Aðilar kjarasamnings þessa eru VR, Landssamband íslenskra verzlunarmanna, Efling-stéttarfélag, AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar annars vegar og Samtök atvinnulífsins hins vegar.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks. Launahækkunar samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á kaupmátt og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Í því felst breidd sátt á vinnumarkaði um að launafólk með lágar tekjur hækki hlutfallslega meira í launum en þeir sem hærri laun hafa.

Eitt meginmarkmið kjarasamningsins er að stuðla að vaxtalækkun sem gagnast heimilunum og atvinnulífinu einkar vel. Að mati samningsaðila skapar samningurinn rými fyrir vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimila og auðveldar fyrirtækjum að standa undir launahækkunum sem felast í kjarasamningnum. Þá stuðlar vaxtalækkun að lækkun húsaleigu.

Ein forsenda góðra kjara launafólks og fullrar atvinnu er samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Markmið aðila er að standa vörð um kaupmátt launa og stuðla að lágrri verðbólgu og lægri vöxtum til frambúðar.

Í samningnum felst bein tenging milli svigrúms atvinnulífsins til launabreytinga og hækkunar launa. Ákvæði um launaauka vegna framleiðniaukningar tryggir launafólki hlutdeild í ávinningi þegar landsframleiðsla á hvern íbúa eykst umfram tiltekin mörk.

Samningurinn tryggir einnig að launafólk sem tekur laun samkvæmt umsömdum launtöxtum fylgi almennri launabróun verði umtalsvert launaskrið á almennum vinnumarkaði.

Samningsaðilar vilja treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem brot á launafólki líðast ekki með því að lögfestar verði aðgerðir gegn kennitöluflakki og félagslegum undirboðum sem jafnframt tryggi jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.

Launabreytingar

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks. Launahækkunar samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf

- 1. apríl 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 18.000 kr.
- 1. janúar 2021: 15.750 kr.
- 1. janúar 2022: 17.250 kr.

Kauptaxtar

Kauptaxtar hækka sérstaklega, sbr. fylgiskjöl með hlutaðeigandi kjarasamningum.

- 1. apríl 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 24.000 kr.
- 1. janúar 2021: 24.000 kr.
- 1. janúar 2022: 25.000 kr.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka um 2,5% á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf verði:

- 1. apríl 2019 317.000 kr. á mánuði.
- 1. apríl 2020 335.000 kr. á mánuði.
- 1. janúar 2021 351.000 kr. á mánuði.
- 1. janúar 2022 368.000 kr. á mánuði.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2019 92.000 kr.
- Á árinu 2020 94.000 kr.
- Á árinu 2021 96.000 kr.
- Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 50.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

Eingreiðsla maí 2019

Á árinu 2019 greiðist eingreiðsla í formi sérstaks álags á orlofsuppbót, 26.000 kr. Orlofsuppbót árið 2019 greiðist eigi síðar en 2. maí.

Launa- og forsendunefnd

Sérstök launa- og forsendunefnd skal þegar taka til starfa. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af SA og þremur fulltrúum tilnefndum sameiginlega af samninganefndum þeirra félaga sem aðild eiga að kjarasamningum, dags. 3. apríl 2019.

Verkefni nefndarinnar er að leggja mat á forsendur kjarasamningsins og ákvæði hans um hagvaxtarauka og taxaauka.

Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist bæði við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Við ákvörðun launaauka vegna ára 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðra bráðabirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

Kauptrygging vegna launaþróunar

Á árunum 2020-2022 reiknast ár hvert kauptaxtauki vegna launaþróunar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Launa- og forsendunefnd skal greina tilefni til greiðslu kauptaxtauka á grundvelli launaþróunar. Nefndin skal bera saman launaþróun skv. launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað (leiðréttri með aðferð skv. tillögu dr. Kim Ziechang sem lýst er í skýrslu hans, dags. 5. nóv. 2018) við hlutfallslega breytingu hæsta virka launaflokks SGS (lfl. 17 e. 5 ár). Viðmiðunartímabil samanburðarins er desembermánuðir ár hvert á samningstímanum, í fyrsta sinn tímabilið desember 2019 til desember 2020. Niðurstaða liggja fyrir í mars ár hvert.

Verði niðurstaðan sú að framangreind launavísitala hafi hækkað meira en viðmiðunartaxtinn á viðmiðunartímabilinu skal nefndin úrskurða um tiltekna krónutölu sem allir kauptaxtar kjarasamninga aðila hækki um. Krónutala þessi reiknast sem hlutfall umframhækkunarinnar af framangreindum kauptaxta. Kauptaxtauki bætist við kauptaxta frá 1. maí.

Samningsforsendur

Meginmarkmið kjarasamnings þessa er að stuðla að auknum kaupmætti og lægri vöxtum til frambúðar. Samningurinn hvílir á meginforsendum um að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum samkvæmt markmiðum samningsins um að hækka lægstu laun, að vextir lækki og að fullar efnir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin er út í tengslum við samninginn. Aðilar eru sammála um að samningurinn skapi skilyrði til verulegrar lækkunar vaxta.

Forsendur samningsins eru eftirfarandi:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Vextir taki verulegum lækkunum fram að endurskoðun samningsins í september 2020 og haldist lágir út samningstímann.
3. Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar „Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga“ og „Yfirlýsing ríkisstjórnar um aðgerðir til að draga úr vægi verðtryggingar“ sem gefnar eru út í tengslum við kjarasamning þennan.

Mat á forsendum

Launa- og forsendunefnd skal meta hvort eftirfarandi forsendur hafi staðist:

Í september 2020 skal nefndin meta hvort forsenda um kaupmátt launa skv. 1. lið, vextir skv. 2.lið og hvort þær stjórnvaldsákvarðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið er í yfirlýsingum ríkisstjórnar skv. 3.lið hafi staðist. Nefndin skal tilkynna fyrir lok september 2020 hvort ofangreindar forsendur hafi staðist.

Í september 2021 skal nefndin meta hvort forsenda um kaupmátt launa skv. 1.lið, vextir skv. 2.lið og hvort þær stjórnvaldsákvarðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið er í yfirlýsingum ríkisstjórnar skv. 3.lið hafi staðist. Nefndin skal tilkynna fyrir lok september 2021 hvort ofangreindar forsendur hafi staðist.

Viðbrögð við forsendubresti

Fari svo að einhver af ofangreindum forsendum standast ekki skal kalla saman sameiginlegan fund samninganefnda ofangreindra aðila og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu leiða til þess að markmið samningsins nái fram að ganga og leita samkomulags um viðbrögð til að vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Náist ekki samkomulag um viðbrögð við forsendubresti skal sá þeirra aðila sem vill ekki að samningurinn haldi gildi sínu tilkynna um það sem hér segir:

Vegna endurskoðunar í september 2020. Fyrir kl. 16 þann 30. september 2020 fellur samningurinn þá úr gildi þann 1.október 2020.

Vegna endurskoðunar í september 2021. Fyrir kl. 16 þann 30. september fellur samningurinn þá úr gildi þann 1.október 2021.

Afgreiðsla kjarasamningsins


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir miðvikudaginn 22. apríl.

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands


Kjarasamningi þessum fylgir yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, m.a. um eftirtalin atriði: Tekjuskatt, fæðingarorlof, barnabætur, húsnæðismál, lífeyrismál, félagsleg undirboð, hagstjórn, verðlag og verðtryggingu, einföldun regluverks og eftirlit.

Reykjavík, 3. apríl 2019

F.h. VR



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Landsambands íslenskra verzlunarmanna

Pjetur Guðmundsson

F.h. Eflingar-stéttarfélags

Sólveig Anna Þorvaldsson

F.h. AFLs Starfsgreinafélags

Guðrún Þorvaldsson

F.h. Öldunnar stéttarfélags,

Guðrún Þorvaldsson

F.h. Bárunnar stéttarfélags

Halldóra S. Sveinsson

F.h. Drífanda stéttarfélags

Anna Þorvaldsson

F.h. Einingar-Iðju

Anna Þorvaldsson

F.h. Framsýnar stéttarfélags

Adalsteinn Baldursson

F.h. Stéttarfélagsins Samstöðu

Guðrún Þorvaldsson

f.h. Stéttarfélags Vesturlands

Sigrún Þorvaldsson

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjalmur Þorvaldsson

F.h. Verkalýðsfélags Grindavíkur

F.h. Verkalýðsfélagsins Hlífar

Helgeirinn Leiman

F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur

Frundkarld.

F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

Guðbjörg Kristmannsd.

F.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis

Ragnús S. Ragnússon

F.h. Verkalýðsfélags Snæfellinga

Vignir Magnússon
Algarður Guðmundsson

F.h. Verkalýðsfélags Suðurlands

Guðrún Elín Pálsson

F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga

Árnaldur Þorgeirsson

F.h. Verkalýðsfélags Þórshafnar

Signatur Jóhannesdóttur